



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Innkaupa- og framkvæmdaráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### *Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgangskort að Vinnustofu Kjarvals*

Á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 18. júní 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Varðandi kaup á 11 aðgangskortum að Kjarvalsstofu fyrir æðstu stjórnendur Reykjavíkurborgar, er óskað eftir upplýsingum um:

1. Hver tók ákvörðun um kaup á umræddum kortum?
2. Hvar var kostnaður við innkaupin færður, hér er vísað í yfirlit yfir innkaup frá sviðum borgarinnar sem lögð hafa verið fram á fundum innkauparáðs?
3. Ef kostnaður við kaup á umræddum aðgangskortum hefur ekki verið birtur á framlögðum yfirlitum, hver er þá skýringin?
4. Hafa fleiri aðgangskort verið keypt síðar, þ.e. eftir að kortin 11 voru keypt?

Með bréfi dagsettu 18. júní 2020 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Þáverandi borgarritari ákvað kaup á aðgangskortum að Vinnustofu Kjarvals í samráði við aðra fulltrúa í yfirstjórn Reykjavíkurborgar. Um tilraunaverkefni var að ræða. Ákvörðunin var tekin í kjölfar þess að þörf á aðgangi sem þessum og þjónustu var yfirfarin og metin. Markmiðið með kaupum aðgangskortanna var að draga úr kostnaði borgarinnar við samráðsfundi, starfsdaga, móttöku gesta og annað slíkt.

Allur kostnaður vegna aðgangs starfsmanna Reykjavíkurborgar að Vinnustofu Kjarvals er færður á þá starfseiningu sem nýtir sér þjónustuna. Samkvæmt samningi Vinnustofu Kjarvals og Reykjavíkurborgar greiðir borgin mánaðargjald sem skiptist á milli þeirra starfseininga sem eru aðilar að samningnum. Mánaðargjaldið er alls 120.000 kr. auk vsk. fyrir 11 aðgangskort og birtist því ekki á yfirliti yfir innkaup frá sviðum borgarinnar sem lögð eru fram á fundum innkaupa- og framkvæmdaráðs þar sem yfirlitið felur í sér innkaup yfir 1.000.000 kr.

Reykjavíkurborg hefur ekki keypt fleiri aðgangskort að Vinnustofu Kjarvals. Samningurinn var til eins árs og rennur út 1. nóvember 2020.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari